



MICHEL BUTOR OG VINIR

MICHEL BUTOR ET SES AMIS

Sýning í Þjóðarbókhlöðunni í Reykjavík,
26. maí - 29. ágúst 2014
Exposition à la Bibliothèque Nationale
et Universitaire à Reykjavík, 26 mai - 29 août 2014



MICHEL BUTOR OG VINIR
MICHEL BUTOR ET SES AMIS

Sýning í Þjóðarbókhlöðu
26. maí - 29. ágúst 2014
í samstarfi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns við Listahátíð í Reykjavík, Franska sendiráðið, Alliance française, Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Exposition à la Bibliothèque nationale et universitaire d'Islande, du 26 mai au 29 août 2014 en collaboration avec le Festival des Arts de Reykjavík, l´Ambassade de France, l' Alliance française, l' École des Beaux-Arts d´Islande et l' Université d'Islande.

Þýðingar/*Traductions*: Jóhanna Björk Guðjónsdóttir, Egill Árnason, Guðlaug Jakobsdóttir, Marion Brochet.
Prófarkalestur/*Correction d'épreuves*:
Bryndís Ísaksdóttir, Jökull Sævarsson
Sýningarstjórn/*Commissaires de l'exposition*:
Bernard Alligand, Ólafur J. Engilbertsson
Hönnun sýningar/*Conception*: Bernard Alligand, Ólafur J. Engilbertsson /nemendur við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands /*étudiants à l'Université d'Islande et à l 'École des Beaux-Arts d'Islande.*
Hönnun skrár /*Catalogue*: Ólafur J. Engilbertsson.
Kennarar/ *Professeurs* : Aðalheiður L. Guðmundsdóttir, Jón Proppé, Jóhann Lúðvík Torfason.
Ljósmyndir/*Photos*: Maxime Godard o.fl. /*et autres*.
Prentun skrár/*Impression du catalogue*: GuðjónÓ.
Prentun sýningar/*Impression pour l'exposition*: Sýningakerfi.
Sérstakar þakkir /*Remerciements spéciaux*: Sigurður Pálsson, Unnur O. Ramette.

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2014.
ISBN 978-9935-434-04-3

MICHEL BUTOR, EINN AF RISUNUM — Ávarp sendiherra Frakklands

Í tilefni af Listahátíð í Reykjavík 2014 er það okkur bæði sérstakur heiður og gleðiefni að bjóða velkominn hingað rithöfundinn, ljóðskáldið og ritgerðasmiðinn Michel Butor. Hann ætlar með atbeina tólf listmálara og þýðinga eftir Sigurð Pálsson, sálufélaga hans, að kynna fyrir okkur sum af fegurstu ljóðum sínum í sérútgáfum fyrir bókasafnara.
Þessi gestur okkar er stórmenni í frönskum bókmenntum. Á 60 ára ritferli hafa sópast að honum viðurkenningar, allt frá Renaudot verðlaununum 1957 fyrir skáldsöguna *La modification* til aðalverðlauna Frönsku akademíunnar fyrir heildarverk hans. Hann hefur haft djúptæk áhrif á franskar og alþjóðlegar bókmenntir með framlagi sínu til „nouveau roman", nýju skáldsögunnar, og ennfremur með nútímalegum sjónarmiðum sem hvarvetna sér stað, í frásögnum hans (um ferðalög eða drauma...) tilbrigðum hans og spuna eða samsettri list. Um þetta og fjölþættar gáfur hans bera fagurt vitni bókagersemarnar sem hann skapaði í samstarfi við málarann Bernard Alligand og færði frönsku þjóðarbókhlöðunni.
Michel Butor er nefnilega líka listamaður og er sérstaklega þekktur fyrir klippiverk sín allt frá *Mobile*, sem hann tileinkaði Bandaríkjunum og birti 1962 *Ruines de l'Avenir* sem kemur út á næstu dögum. Sköpunarmáttur hans þverr aldrei. Hann skrifar um málaralist og iðkar sjálfur sjónlistir eða vinnur að því með fjöldamörgum listmálurum að búa til listaverk í bókarformi.
Sjálfur er hann líka réttnefndur heimsborgari: hann hefur búið í ýmsum löndum (Líbanon, Bretlandi, Egyptalandi, Grikklandi, Sviss og mörgum borgum í Bandaríkjunum) og hefur víða dvalið í listamannasetrum.
En til Íslands hefur hann ekki komið fyrr. Ætla má að dvöl hans í landi andstæðnanna og listrænt andríki hans sjálfs veki einhverjar listkenndir sem skili sér í næstu verkum hans á ferli sem þegar er orðinn mjög fjölbreyttur og er alltaf jafn nútímalegur.

Marc Bouteiller

MICHEL BUTOR, UNE ICÔNE — Message de l'ambassadeur de France

A l'occasion du Reykjavík Festival des Arts 2014, nous avons la grande chance et l'immense honneur de recevoir le romancier, poète et essayiste Michel Butor qui - avec le concours d'une douzaine d'artistes peintres et des traductions de son alter ego islandais Sigurdur Palsson - nous présente quelques-uns de ses plus beaux poèmes sous forme de livres de bibliophile.
C'est d'abord un « monument » de la littérature française que nous accueillons : en 60 ans d'écriture, il a accumulé les prix (du Renaudot en 1957 pour son roman La Modification au Grand Prix de Littérature de l'Académie française pour l'ensemble de son œuvre en 2013). Il a surtout marqué fondamentalement la scène littéraire et internationale, par sa contribution au mouvement du Nouveau Roman, mais aussi par la modernité dont il a toujours fait preuve, dans ses récits (de voyages, de rêves…), ses variations et improvisations, ou ses œuvres croisées. A cet égard, les livres de bibliophile présentés à la Bibliothèque nationale, réalisés en collaboration avec le peintre Bernard Alligand, constituent une illustration emblématique de ses multiples talents.
Car Michel Butor est également un artiste, particulièrement connu pour ses collages, depuis Mobile, ouvrage consacré aux Etats-Unis publié en 1962, jusqu'aux Ruines de l'Avenir qui doit paraître dans quelques jours. Chez lui, le processus créatif ne se tarit jamais. Il écrit sur la peinture, tout en pratiquant la création plastique lui-même, ou en collaborant avec de très nombreux peintres pour produire des livres d'artiste.
Enfin, c'est un véritable Citoyen du Monde que nous recevons : il a vécu dans de multiples pays (Liban, Grande Bretagne, Egypte, Grèce, Suisse, et plusieurs villes aux Etats-Unis) et a multiplié les résidences d'artiste.
Mais c'est la première fois qu'il vient en Islande : gageons que son séjour au pays des contrastes, ainsi que des émotions esthétiques ne le laissera pas indifférent, et influencera encore son œuvre déjà si éclectique et toujours aussi moderne !

Marc Bouteiller

AÐ SÝNA ORÐ SEM SÝNA

Til Bernard Alligand og íslenskra vina hans



Þegar ég var barn þótti mér gott að láta lesa fyrir mig, sérstaklega á kvöldin fyrir svefninn. Síðar þótti mér sjálfum gott að lesa fyrir börnin mín, barnabörnin og fyrir nemendur mína. En mér þótti einnig gott að horfa á bækurnar, að fletta í gegnum þessi fyrirbæri á tungumálum sem ég kunni eitthvað í.

Miðaldahandritin vekja stöðugt hjá mér aðdáun, einnig stórar myndskreyttar bækur. Mallarmé, Apollonaire og kúbistarnir gerðu ákaflega vel heppnuð verk, allt hefur þetta hvatt mig í rannsóknum mínum á myndrænum eiginleikum texta: skipan hans, lit og sambandi teikningar sem kallast skrift við annars konar gerðir af myndum.

Að vinna með listamönnum að bókverkum er einstaklega áhugaverð rannsóknarvinna. Hver einasti þeirra listamanna sem ég hef unnið með, hefur leitt mig inn á nýjar slóðir ímyndunaraflsins í gegnum þann miðil sem hann vann með: málun, þrykk, ljósmyndun eða jafnvel kvikmyndir. Á meðan ég var að reyna að finna eitthvað sem myndi passa við það sem þeir gerðu þá var ég neyddur til að gramsa, uppgötva, hugsa og að leita á vit hins ókunna.

Forðum, hjá fólki Bókarinnar, hebreum, kristnum mönnum og múslimum, var textinn alltaf í fyrsta sæti. Myndin var aukaatriði, hún var til skrauts, hún var lýsandi, uppfyllandi og útskýrandi. Í dag er þessu oft öfugt farið. Í hvert skipti verður til nýtt ævintýri. Listamennirnir létu mig opna ný herbergi í kastala mínum og nýja glugga út í heiminn. Ég er þeim óendanlega þakklátur.

Þróun upplýsingatækninnar opnar fyrir okkur nýja möguleika. Hún gerir okkur kleift að hafa aðgang að fornum ritverkum. Bókin notar núorðið ýmsa nýja miðla sem veldur því að við sjáum hlutina í nýju samhengi og fáum nýja sýn á meistaraverk fyrri tíma. Á sínum tíma gerði prenttæknin handrit sýnileg fjöldanum. Nýjar aðferðir við fjölföldun leiða þessa þróun áfram.

Þvert á það sem margir halda fram þá erum við rétt við upphaf þessara umbreytinga. Nýjar bókmenntir verða til og þær munu ljúka upp fyrir okkur fjársjóðum fyrri tíðar bókmennta sem við kunnum ekki enn að meta. Þetta mun hjálpa mannkyni nýrra tíma að öðlast ófyrirsjáanlegan sagnaheim. Ég mun ekki upplifa þessar umbreytingar en get ekki annað en óskað þess að þeim verði vel tekið.

Michel Butor

FAIRE VOIR LES MOTS QUI FONT VOIR

Pour Bernard Alligand et ses amis islandais

Enfant j'aimais beaucoup entendre lire les livres en particulier le soir avant de m' endormir. Plus tard j'ai beaucoup aimé lire moi-même à mes enfants, petits-enfants, à mes élèves ou étudiants. Mais j'aimais aussi beaucoup regarder les livres, feuilleter ces objets dont je connaissais plus ou moins la langue.

Les manuscrits du Moyen-Âge m'émerveillent toujours, comme les grands livres illustrés. Les réussites de Mallarmé, d' Apollinaire, et des peintres cubistes ont encouragé mes recherches sur les aspects visuels du texte: sa disposition, sa couleur, les relations entre ce cas particulier du dessin qu'est l'écriture avec toutes les autres sortes d' images.

Les livres en collaboration avec des artistes ont été un laboratoire privilégié. Chacun de ceux avec lesquels j'ai travaillé, quels que soient leurs moyens d'expression: peinture, gravure, photographie ou même cinéma, a été un guide vers de nouvelles régions de mon imagination. Essayant de trouver quelque chose qui aille avec ce qu'ils font, je suis obligé de fouiller, d'inventer, de réfléchir, de partir à la découverte.

Jadis, chez les peuples du livres, les hébreux, les chrétiens, les musulmans, le texte venait toujours en premier, l'image était servante : elle ornait, illustrait, complétait, commentait. Aujourd'hui les relations s'inversent souvent. Chaque fois c'est une autre aventure. Ils m'ont fait ouvrir dans mon château de nouvelles chambres, de nouvelles fenêtres sur le monde. Ma reconnaissance envers eux est inépuisable.

Les progrès de l'informatique nous ouvrent de nouvelles possibilités. Souvent aujourd'hui c'est grâce à elles que nous avons communication des ouvrages anciens. Le livre a de nouveaux supports qui nous permettent non seulement d'ouvrir de nouvelles perspectives mais de mieux comprendre les chefs-d'œuvre antérieurs. L'imprimerie a mis ce qui était manuscrit à la disposition d'un beaucoup plus grand nombre ; les moyens modernes de reproduction poursuivent cette évolution.

Contrairement à ce que beaucoup s'imaginent nous ne sommes qu'à l'aube de ses transformations. Une nouvelle littérature commence qui nous révélera les trésors de l'ancienne que nous ne savons pas encore discerner, fondant une nouvelle humanité avec ses sagas surprenantes, dont je ne verrai pas l'avènement mais à laquelle je ne puis que souhaiter bonne chance.

Michel Butor

HEIMUR BÓKLISTAVERKA
— þar sem texti og myndir spila saman

Ég komst fyrst í kynni við heim bóklistaverka þegar við Bernard Alligand unnum saman tvítyngda verkið JARDIN – GARÐURINN sem sýnt var hér í Þjóðarbókhlöðu 2007. Heimur bóklistaverka er sérlega heillandi landamærasvæði milli heima myndlistar og bókmennta, tengist ákaflega merkilegum, aldalöngum hefðum og jafnframt er þetta einn virkasti vettvangur nýjunga og nýsköpunar, bæði í ljóðlist og myndlist.
Það var einstök reynsla að komast strax í kynni við Matarasso-fjölskylduna sem er stórt nafn í útgáfu bóklistaverka og gaf út *JARDIN*. Og fljótlega bar nafn Michel Butor á góma. Alligand hafði unnið með honum og Matarasso einnig. Þau töluðu um hann sem lykilmann í bóklistaverkum. Ég hafði lesið skáldsögur eftir hann frá þeim tíma þegar hann var foringi nýskáldsögunnar. Síðan hafði hann skrifað ógrynni af tilraunaverkum, ferðafrásögnum, draumafrásögnum og ljóðtextum, gjarnan hafa þeir textar verið ætlaðir myndlistarbókverkum. Butor hefur unnið með ótrúlegum fjölda myndlistarmanna að ennþá fleiri bókverkum.
Það er sérstakt gleðiefni að fá hingað verk eftir tólf myndlistarmenn og ekki síður þennan magnaða höfund sem fæddist árið 1926 og er ennþá síleitandi og sískapandi.
Michel Butor og vinir hans eru boðnir hjartanlega velkomnir til Íslands!

Sigurður Pálsson

LE MONDE DES LIVRES D'ARTISTES
— là où le texte et les images jouent ensemble

J'ai découvert le monde des livres d'artistes pour la première fois lorsque j'ai collaboré avec Bernard Alligand sur l'œuvre bilingue JARDIN – GARÐURINN, exposée à la Bibliothèque nationale islandaise en 2007. Le monde des livres d'artiste s'est avéré être un monde particulièrement enchanteur, à la frontière des arts visuels et de la littérature. Ce monde était relié à des traditions ancestrales tout à fait remarquables et il constitue l'un des terrains les plus propices à la nouveauté et à l'innovation, aussi bien en matière de poésie que d'art visuel.
Ce fut une expérience singulière de faire dans la foulée la connaissance de la famille Matarasso à la tête de la galerie et de la maison d'édition éponymes. Elle publia JARDIN. Et le nom de Michel Butor fut rapidement évoqué. M. Alligand avait collaboré avec lui, tout comme la famille Matarasso. Ils le décrivaient tous comme un personnage clé du livre d'artistes. J'avais lu certains de ses romans au cours de mes études à Paris, quarante ans auparavant. Des œuvres datant de l'époque à laquelle il était chef de file du nouveau roman. Il avait ensuite écrit énormément d'essais, d'œuvres expérimentales, de récits de voyages, de récits de rêves et de poèmes, qui se voulaient souvent destinés à des livres d'artistes. M. Butor a collaboré avec une quantité incroyable d'artistes visuels afin de réaliser encore plus de livres d'artistes.
Nous nous réjouissons tout particulièrement d'accueillir ces œuvres ici et encore plus cet immense auteur né en 1926 et qui a su rester curieux et créatif.
Nous souhaitons de tout cœur la bienvenue en Islande à Michel Butor et ses amis!

Sigurður Pálsson

Michel Butor



Michel Butor fæddist árið 1926 í norðanverðu Frakklandi. Á sínum yngri árum sinnti hann frönskukennslu utan Frakklands (einkum í Egyptalandi) og heimspekikennslu í Genf í Sviss. Síðar kenndi hann bókmenntafræði í Bandaríkjunum, Frakklandi og Sviss þar sem hann lauk starfsferli sínum árið 1991. Michel Butor er þekktur sem rithöfundur, sér í lagi fyrir skáldsöguna *La modification* (Breytingin) sem er skrifuð nánast eingöngu í annarri persónu fleirtölu. Í byrjun sjöunda áratugarins, með *Mobile*, leitaðist Michel Butor við að losa sig frá hefðbundnu skáldsagnaformi. Var hann þar með búinn að slást í för með ný-skáldsögu rithöfundunum frönsku Nathalie Sarraute, Alain Robbe-Grillet og Claude Simon. *Mobile* er merkilegt verk þar sem höfundur beitir „collage" aðferðinni í viðleitni til að gera grein fyrir hinum undarlega veruleika Bandaríkjanna samtímans. Síðar hélt hann áfram tilraunakenndum aðferðum til að draga upp myndir af heiminum, t.a.m. í ferðafrásögnum, draumafrásögnum og síðar meir í samstarfi við myndlistarmenn. Auk ritgerða hefur Michel Butor gefið út fjölda texta sem rúmast innan ramma ljóðlistarinnar. Michel Butor er í hópi þeirra núlifandi rithöfunda skrifandi á frönsku sem eru þekktir á alþjóðavettvangi. Árið 2013 hlaut hann bókmenntaverðlaun Frönsku akademíunnar (Académie française) fyrir æviverk sitt. Michel Butor býr í Lucinges í Haute-Savoie héraði í Frakklandi, í nágrenni Genfar.

Michel Butor est né en 1926. Il a été professeur de langue française à l'étranger (notamment en Égypte) et professeur de philosophie à l'École Internationale de Genève dans les années 1950 après ses échecs à l'agrégation de philosophie. Ensuite il a commencé une carrière universitaire comme professeur de littérature, tout d'abord aux États-Unis, puis en France à l'université de Nice et finalement à l'université de Genève jusqu'à sa retraite en 1991. Il est connu du grand public comme romancier, et en particulier comme l'auteur de La Modification, roman écrit presque entièrement à la deuxième personne du pluriel (« vous »). Cette image de l'auteur est probablement injuste, dans le sens où Michel Butor a définitivement rompu avec l'écriture romanesque après Degrés, en 1960, avec la publication de Mobile en 1962. Après avoir essayé dans ses premiers livres de concilier à la fois un certain détachement de la forme traditionnelle du roman et une volonté de représenter le monde contemporain, se rattachant ainsi au groupe du Nouveau Roman (Nathalie Sarraute, Alain Robbe-Grillet, Claude Simon), il choisit des formes nouvelles expérimentales, à partir de Mobile, grand ouvrage fait de collages divers (encyclopédies américaines, descriptions d'automobiles, articles de journaux, etc.) pour essayer de rendre compte de la réalité étonnante des États-Unis contemporains. Cette volonté d'expérimentation pour représenter le monde se retrouve dans tous ses ouvrages, qu'il s'agisse de récits de voyages (série Le Génie du lieu), de récits de rêves (Matière de rêves), ou de ses très nombreuses collaborations avec des peintres et des artistes contemporains. Outre l'écriture de nombreux essais, il pratique divers genres qui s'apparentent à la poésie. Il est à l'heure actuelle l'un des écrivains vivants francophones d'une stature internationale reconnue.En 2013, il reçoit le Grand prix de littérature de l'Académie française pour l'ensemble de son œuvre. Il vit à Lucinges, un village de Haute-Savoie proche de Genève.




Bernard Alligand

Bernard Alligand fæddist árið 1953 í Angers í Frakklandi. Hann lagði í byrjun stund á grafík og síðar leirmótun og ristu. Eftir stuttan feril í Loire héraði fluttist hann suður á bóginn með vinnustofu sína, til bæjarins Vence á Miðjarðarhafsströndinni. Þar kynntist hann bæði listamönnum og listaverkasöfnurum sem höfðu áhrif á listsköpun hans. 1993 settist Alligand að í París og flutti vinnustofu sína þangað þremur árum síðar. Allt frá 1995 hefur hann unnið með texta ljóðskálda, þ.á m. Michel Butor, í bókverkum sínum. Alligand hefur unnið í samstarfi við marga höfunda og hafa verk hans verið sýnd í fjölda gallería og listasafna um víða veröld, m.a. í Þjóðarbókhlöðu. Þá hefur honum verið úthlutuð listamannadvöl í fjölda landa, t.d. á Íslandi árið 2007. Á ferðum sínum hefur Alligand fengið innblástur og safnað efniviði fyrir verk sín. Í verkum sínum veltir hann fyrir sér hlutverki og eiginleikum efnisins ásamt því að skoða hefðir og menningarheima.

Bernard Alligand est né en 1953 à Angers (Maine et Loire). Il s'initie à l'art graphique pendant trois ans puis au modelage et à la gravure. Après avoir exposé dans les Pays de Loire et obtenu plusieurs prix, il s'installe sur la Côte d'Azur en 1982 et aménage son atelier à Vence. Là, il fera la connaissance des marchands et collectionneurs qui défendront son œuvre. Installé à Paris depuis 1993, il quitte seulement son atelier de Vence en 1996. Sur des textes des poètes, Jean-Pierre Geay, Tita Reut, Gaston Puel, Michel Butor…, et sous l'impulsion d'éditeurs, il réalise de nombreux livres de bibliophilie à partir de 1995. Depuis 1981, institutionnels, galeries et marchands exposent son œuvre en France et à l'étranger. Il expose dans de nombreux lieux institutionnels. Son œuvre s'interroge sur le rôle et les propriétés de la matière. La lumière jaillit ou transparaît, la couleur exulte, l'abstraction frôle la figuration. Une œuvre attentive aux coutumes et aux cultures.



Bernard ALLIGAND
Loftsteinaferningur
Carré des météores, 2013, 34/45.





Georges Badin

Georges Badin fæddist árið 1927 í bænum Céret í Pýrenafjöllunum. Badin hóf feril sinn sem ljóðskáld en helgaði sig síðar listmálun og skiptist á að mála stór málverk annars vegar og hins vegar að sinna málaralistinni í samstarfi við ljóðskáld í bókaútgáfu. Badin var einn af stofnendum Textruction hópsins árið 1968. Árin 1967 til 1986 var hann sýningastjóri í nýlistasafni fæðingarbæjar síns, Musée d'Art Moderne de Céret.

Georges Badin est né 1927 en Céret (Pyrénées-Orientales). Il s'est d'abord consacré à l'écriture (publications au Mercure de France, Les Cahiers du Sud etc.). Il passe ensuite à la peinture, partageant son travail entre les grandes toiles libres et les livres d'artiste réalisés avec des poètes tels que Georges-Emmanuel Clancier, Robert Marteau, Michel Butor, Jacqueline Risset, Alain Borer, Daniel Leuwers, Max Fullenbaum, Guy Goffette, Armand Dupuy et des artistes tels que Hervé Fischer. En 1968, il est à l'origine du mouvement Textruction. De 1967 à 1986 il est conservateur du Musée d'art moderne de Céret.





Georges BADIN
Sú einmana
La solitaire, 2010, NC.

Anne Slacik

Listmálarinn Anne Slacik fæddist í bænum Narbonne í Suður-Frakklandi árið 1959. Hún starfar bæði í Saint-Denis, í nágrenni Parísar, og í Gard sýslu í sunnanverðu Frakklandi. Anne Slacik lagði stund á myndlistarnám í Provence háskóla og síðar meir í Université de Paris I og lauk m.a. gráðu í myndlistarkennslu á háskólastigi. Litir eru þungamiðja í verkum Slacik, hún notar þá fljótandi á stórum flötum, í bókum og handritum og skapar þannig streymi bæði á milli málverksins og bókarinnar og málverksins og ljóðlistarinnar. Verk hennar eiga rætur í samtímamálverkinu (t.d. Rothko) en einnig í málaralist endurreisnarinnar (Piero della Francesca). Slacik hefur helgað sig málaralist í tengslum við bækur, gefið út bókverk (livres d'artistes) og myndskreytt verk. Anne Slacik hefur starfað með fjölda rithöfunda.

Anne Slacik est une artiste peintre née à Narbonne en 1959. Elle vit et travaille dans le Gard et à Saint-Denis, en région parisienne. Après des études en arts plastiques à l'université de Provence, puis à l'université de Paris I, elle obtient un diplôme de troisième cycle et une agrégation d'arts plastiques en 1984. La couleur est au cœur de son cheminement, utilisée dans sa fluidité sur de grands formats, peinte sur les livres et les manuscrits, comme un va et vient possible entre la peinture et le livre, entre la peinture et la poésie. Son travail trouve des racines dans la peinture contemporaine (Rothko) mais aussi de la Renaissance (Piero della Francesca). En plus de son œuvre de peintre, elle réalise de nombreux livres d'artistes, livres illustrés et livres peints. Elle travaille avec des auteurs.





Anne SLACIK
Dýrgripir á háfjöru
Trésors de la marée basse,
2004, 7/45.





Joël Leick

Joël Leick fæddist í Thionville í norðaustanverðu Frakklandi árið 1961. Hann er listmálari, ljósmyndari, ljóðskáld og útgefandi bókverka og umgengst fjölda samtímahöfunda í listsköpun sinni, m.a. Michel Butor. Leick vinnur með hið hversdagslega umhverfi þaðan sem upp spretta töfrar er birtast í ljósmyndaseríum hans og öðrum verkum. Joël Leick hefur búið og starfað í París frá árinu 2001.

Joël Leick, né le 24 janvier 1961 à Thionville, est artiste peintre, photographe, poète, éditeur de livres d'artiste. Il côtoie nombre d'écrivains et de poètes contemporains d'horizons divers. Il anime un atelier d'approche au livre d'artiste à Paris Atelier. L'environnement familial, modeste, permet à l'enfant de comprendre la nécessité d'une orientation ferme et propice pour mener à terme des projets personnels. Ce marqueur agit sur l'artiste qui sait faire revivre la magie du lieu à travers des séries de photos. Il vit et travaille à Paris depuis 2001.






Joël LEICK
Landslag með persónum
Paysage avec figures, 2011, 28/35.



Julius Baltazar

Julius Baltazar (listamannsnafn Hervé Lambions) fæddist 1949 í París. Hann hóf ungur feril sinn sem málari, grafíklistamaður og einungis 18 ára gamall myndskreytir hann bók hins fræga skálds Fernando Arrabal ásamt Salvador Dalí. Honum er síðar boðið að halda fyrstu einkasýningu sína í Toronto fjórum árum síðar. Hann hefur unnið með ýmsum skáldum í Frakklandi, Sviþjóð og Bandaríkjunum og með Butor í nærri 40 ár. Meðal bóka hans má nefna *À l'infini le sable* (1985) og *L'imposture des rêves* (1995). Julius Baltazar býr og starfar í París og á Korsíku.

Julius Baltazar, à l'état civil Hervé Lambion, est un peintre, graveur et illustrateur français né le 13 juillet 1949 à Paris. En 1967, il fait la connaissance de Salvador Dalí puis Fernando Arrabal pour lequel il réalise sa première gravure sur zinc pour le livre Huevo filosofico comportant deux dessins reproduits au cliché trait, l'un de Salvador Dalí, l'autre de lui même. En 1971 il est invité à exposer à Toronto. Julius Baltazar publie son premier ouvrage de bibliophilie en 1975, édité par Visat. C'est également à cette époque que, par l'intermédiaire de J. Matarasso, il fait la connaissance de Michel Butor, avec qui il débute une intense collaboration. En 1984-1985 il écrit À l'infini le sable et en 1995, L'imposture des rêves. Il vit et travaille à Paris et en Corse.



Julius BALTAZAR
Eldfjall / *Volcan*, 2009, 3/24.


DE GRANDS PANACHES DE FUMÉE
SE MÉLANGEANT AVEC LES NUAGES
SIGNALENT COMME DES FANIONS
LE PAYS OÙ L'ON REVIENDRA
CAR IL CONVIENT BIEN À LA VIGNE
IL FAUDRA PEUT-ÊTRE CHANGER
L'EMPLACEMENT DE LA MAISON
LE RELIEF SERA DÉPLACÉ
IL FAUDRA TROUVER D'AUTRES SOURCES
SI LES ANCIENNES SONT BOUILLANTES
ET L'ON SE RETOURNE POUR VOIR
DANS LA NUIT QUI TOMBE PLUS TÔT
FLAMMES ET LUEURS QUI PALPITENT
ACCOMPAGNÉES DE GRONDEMENTS
DE FÊLURES ET DÉCHIRURES
VULCANOLOGUES D'OCCASION
ARCHÉOLOGUES DU PRÉSENT
NOUS DÉCOUVRIRONS SOUS LES PIERRES
DANS DES POCHES DE PROTECTION
LES SECRETS DES GENS DE NAGUÈRE

Mylene Besson

Mylene Besson fæddist árið 1961 í Chambéry þar sem hún er búsett. Hún segir að á yngri árum hafi sig dreymt um að leggja myndlist fyrir sig en talið sig skorta hæfileika til þess. Eftir að hún kynntist maka sínum, Pierre Leloup og fleiri listamönnum að loknu námi hafi hún þó smám saman orðið að fullgildum listamanni. Besson vann til að byrja með einkum með sviðslistafólki, en síðar einnig með rithöfundum á borð við Fernando Arrabal, Bernard Noël, Pierre Bourgeade og Michel Butor. Með blandaðri tækni vinnur hún gjarnan að stórum verkum sem ná út fyrir hefðbundinn ramma og jafnvel út á gólf.


Mylene Besson née en 1961 à Chambéry, où je vis et travaille. Enfant, elle rêvais d'être comédienne: "puis adolescente, ce sont les beaux-arts qui m'apparurent désigner la vie qui m'aspirait, mais je n'avais aucun don pour le dessin et ne savais pas que cela s'apprenait… c'est donc plus tard, grâce à des rencontres dont mon compagnon le peintre Pierre Leloup, et une formation professionnelle que je me suis retrouvée progressivement dans une vie artistique. Au sein du collectif des artistes savoyards avec la Compagnie du 1000 pattes, le théâtre de la Glèbe et la Galerie du Larith se développèrent plusieurs projets, en danse, théâtre et bien sûr en Arts plastiques. Avec Pierre, décédé en 2010, nous rencontrons plusieurs écrivains et poètes dont Michel BUTOR, Bernard NOËL, Pierre BOURGEADE, Fernando ARRABAL avec lesquels je collabore. Je travaille sur de grands formats car j'aime me sentir à l'intérieur de la peinture. Comme support, j'encolle un papier d'emballage sur une toile libre. Je dessine et peins contre le mur et sur le sol. J'utilise toute sorte de matériaux."





Mylène BESSON
Hanskahólf
Boîte à gants, 2013, 5/9.





Pierre Leloup

Pierre Leloup fæddist 7. mars 1955 í Chambéry og lést 10. janúar 2010. Eftir að hafa útskrifast úr Listaháskólanum í Grenoble 1977 hóf hann feril sinn sem listmálari en gerðist einnig sviðsmyndahönnuður fyrir leikhús og dansverk. Leloup vann hátt í 50 verk (bókverk, gripi, myndir) í samvinnu við Butor og dvaldi um hríð með honum í Afríku, þaðan sem hann sótti innblástur í listsköpun sína. Enn fremur stofnaði hann og rak Listaskóla Chambéry-borgar.

Pierre Leloup est né le 7 mars 1955 à Chambéry. Il meurt le 10 janvier 2010. Il se forme à l'École des Beaux-Arts de Grenoble dont il sort diplômé en 1977. Pierre Leloup est peintre. Il sera également décorateur de théâtre puis de spectacles de danse. Avec Michel Butor il eu une collaboration fructueuse de près de 50 livres, objets et planches verra le jour. L'Afrique jouera également un rôle important. Il découvre ce continent dans les années 80 à Brazzaville, puis en résidence au Maroc et au Burkina Faso avec Michel Butor. Pierre Leloup participe aussi au développement de l'École Municipale d'Art de Chambéry dont il sera directeur. Parallèlement à ses expositions de peinture, il réalise au total une centaine de livres, objets, planches, et collabore avec de nombreux écrivains, metteurs en scène, poètes.






Pierre LELOUP
Móða
Buée, 2009, 32/40.



Anne Walker

Anne Walker fæddist 1933 í Boston þaðan sem hún útskrifaðist frá Smith College 1955. Í kjölfarið hélt hún til Parísar þar sem hún starfaði við Académie de la Grande Chaumière og var í læri hjá Johnny Friedlaender. Upp frá því hefur hún fengist við grafík- og prentlist en frá 1986 hefur málaralistin átt hug hennar og hefur hún einkum beitt gvass og pastellitum. Á ferli sínum hefur Walker haldið fjölda sýninga um heim allan en einnig hefur hún unnið að bóklistaverkum í samvinnu við skáld og höfunda á borð við Kenneth Koch, Peter Davison, sem og Michel Butor. Hún er gift listamanninum Bertrand Dorny.

Anne Walker est graveuse et peintre; elle habite à Paris. Elle est né en 1933 à Boston, Massachusetts, diplômée en 1955 du Smith College; elle fait son premier cycle universitaire à Paris, à l' Académie de la Grande Chaumière de Montparnasse ou elle étudie avec J. Friedlaender. Elle continue à faire des gravures à l'eau-forte , et un certain nombre de livres d'artistes. En 1986 elle reprend la peinture, en utilisant la gouache combinée au pastel, une technique qui a prédominé depuis dans son travail . Son travail graphique a été exposé dans le monde entier , elle a collaboré avec des poètes et des auteurs comme Kenneth Koch, Peter Davison et Michel Butor. Son mari, Bertrand Dorny, est également un artiste.






Anne WALKER
Kýraugu milli pláneta
Hublots interplanétaires, 2009, NC.



Bertrand Dorny

Bertrand Dorny er fæddur í París 1931 þar sem hann var í læri á vinnustofum André Lhote og Johnny Friedlaender. Í list sinni beitir Dorny blandaðri tækni á persónulegan hátt – grafík, klippimyndum eða samanbrotnum pappír – og hefur þannig einkum gert bóklistaverk í samvinnu við skáld, t.d. Charles Juliet. Leiðarstef í verkum hans eru gönguferðir, gönguleiðir og hvernig þær fléttast saman. Hann er kvæntur listakonunni Anne Walker.

Bertrand Dorny est né à Paris en 1931. Il a travaillé à l'atelier d'André Lhote (peintre) et de Johnny Friedlaender (graveur). Il a construit son œuvre en faisant dériver des techniques admises comme la gravure, le collage ou le pliage de papier pour atteindre un style personnel. Il élabore des livres d'artistes, ou livres-collages, forme artistique dont il est un des représentants les plus prolifiques. De nombreux poètes, dont Charles Juliet, ont prêté leurs mots à ses ouvrages. Il a aussi collaboré au deuxième numéro de la collection Osmose (livres d'art à tirage limité), créée en 1979 par Daniel Lacotte, collection qui associait l'œuvre originale d'un peintre à celle d'un poète. Les thèmes de la promenade, du chemin en progression, du réseau des formes dans l'espace sont au centre de son œuvre.






Bertrand DORNY
Uppstytta
Eclaircie, 2013, 4/8.



Maxime Godard

Maxime Godard fæddist 1949 og býr í París og í nágrenni Ravenna. Hann lærði grafíklist og útskrifaðist úr málaradeild Listaháskólans (Beaux-Arts) í París 1981. Tveimur árum síðar kynntist hann Butor og hafa þeir unnið í sameiningu að fjölda prentverka og handrita. Godard er einkum þekktur fyrir portrettverk sín af listamönnum og skáldum. Hann er kvæntur Graziellu Borghesi en saman stofnuðu þau bókaforlagið Gnêzi d'Marèla.

Maxime Godard né en 1949. Vit à Paris et Villanova di Bagnacavallo, Ravenna (Italie). Formation de ciseleur et diplôme de l'Ecole des Beaux-Arts de Paris (peinture). Pratique la photographie depuis 1981. A réalisé de nombreux portraits d'artistes et écrivains. Rencontre Michel Butor en 1983 avec lequel il a réalisé une dizaine d'ouvrages imprimés ou manuscrits, ainsi qu'une quarantaine de planches. A créé avec sa femme Graziella Borghesi les éditions Gnêzi d'Marèla.





Maxime GODARD
Vinnustofa Man Ray
L'atelier de Man Ray, 1987, 60/63.



Graziella Borghesi

Graziella Borghesi fæddist 1945 í Villanova di Bagnacavallo í nánd við Ravenna á Ítalíu þar sem hún er búsett. Hún nam í Lundúnum og við Listaháskólann (Beaux-Arts) í París. Með teikningum sínum og þrykki hefur hún átt í samstarfi við fjölda rithöfunda, þar á meðal Michel Butor, sem hefur skrifað í samstarfi við hana verk eins og *Cosmogonie baveuse, Dans les méandres de l'évolution, Portrait de l'artiste en jeune escargot, Suite gastéropode, Banlieue baveuse, Le réveil des oiseaux-mouches* og *L'oiseau vigneron.* Borghesi starfar einnig sem þýðandi og rekur forlagið Gnêzi d'Marèla ásamt maka sínum, Maxime Godard.

Graziella Borghesi peintre et graveur née à Villanova di Bagnacavallo, Ravenna (Italie). Etudes à Londres et aux Beaux-Arts de Paris. Mariage avec Maxime Godard en 1972 à Paris. Elle a suivi des études à Londres et aux Beaux-Arts de Paris. Également traductrice, elle a créé avec son mari Maxime Godard les éditions Gnêzi d'Marèla. Ses dessins et gravures ont inspiré des textes à nombreux écrivains et a elaboré avec Michel Butor les livres d´artiste Cosmogonie baveuse, Dans les méandres de l'évolution, Portrait de l'artiste en jeune escargot, Suite gastéropode, Banlieue baveuse, Le réveil des oiseaux-mouches et L'oiseau vigneron.






Graziella BORGHESI
Rós handa móður minni
Une rose pour ma mère, 2008, 16/19.



Youl

Youl (Criner) er menntaður arkitekt en sneri sér síðan að myndlist og hefur sem slíkur unnið að bókverkum í um 30 ár, ýmist myndskreytt texta eða teiknað myndir í samstarfi við fjölda skálda sem hafa orðið þeim innblástur. Youl hefur einnig séð um útvarpsþátt um ljóðlist í Radio Zinzine í nágrenni Aix-en-Provence. Samvinna þeirra Butors hefur verið sérlega gjöful því hún hefur gefið af sér á þriðja hundrað bókverka.

Youl est architecte puis peintre il se consacre depuis 27 ans au livre d'artiste ayant travaillé ou continuant avec une centaine de poètes français et étrangers. Il leur propose aussi des peintures qui inspirent leurs poèmes manuscrits. Il anime également depuis 15 ans une émission mensuelle de poésie d'une heure sur radio Zinzine, radio libre ayant ses studios près de Aix-en-Provence, étant avec ces activités un passeur de poésie. C'est avec Michel Butor qu'il a réalisé le plus grand nombre de livres soit à ce jour 239. Il continue ce travail commun à travers une fidèle amitié et une inspiration mutuelle.





YOUL
Brómber
Mûres, 2013, 2/4.



Michel Butor

La bibliothèque

Sur mes rayons quelques albums
de reproduction de grands maîtres
quelques bons romans policiers
et de la poésie classique

Bókasafnið

Á bókahillunum mínum eru nokkrar bækur
með eftirprentunum af verkum meistaranna
nokkrar góðar leynilögreglusögur
og klassísk ljóðlist

(þýðing Sigurður Pálsson)

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Listahátíð
í Reykjavík

Liberté • Égalité • Fraternité
RÉPUBLIQUE FRANÇAISE
AMBASSADE DE FRANCE
EN ISLANDE

af AllianceFrançaise
REYKJAVÍK

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

HÁSKÓLI ÍSLANDS